

**Sp.**

**177. Tillaga til þingsályktunar**

**[123. mál]**

um lækkun farmgjalda olíuskipsins Þyrils.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Skipaútgerð ríkisins að lækka nú þegar farmgjöld á olíu, sem flutt er til innlendra aðila með olíuskipinu Þyrli. Lækkunin sé miðuð við, að rekstur skipsins sé sem næst hallalaus. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að hlutast til um, að lækkun farmgjaldanna komi olíunotendum til góða í lækkuðu olíuverði.

**Greinargerð.**

Það er kunnugt, að olíuverð er allmiklu hærra úti á landi en í Reykjavík og nágrenni hennar. Þessi verðmunur hvílir sem mjög þungur skattur á ýmsum atvinnurekstri úti á landi, og má jafnvel í sumum tilfellum henda á, að atvinnurekstur þar hefur lagzt niður af þessum sökum. Hið háa olíuverð kemur ekki síður við almenning, sem hita verður upp hús sín með olíu og kaupa allt sitt rafmagn eftir verðlagi á olíum. En þannig er þetta víða úti á landi.

Hvergi verður þessi verðmunur á olíunni þó eins áberandi og hjá togurunum, sem veiðar stunda fyrir staði úti á landi. Verðmunurinn á olíutegund þeirri, sem togararnir nota, er meiri en verðmunurinn í annarri olíu. Í Reykjavík kostar togaraolía nú 455 kr. tonnið. Togaraolían á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum kostar víðast hvar 580—600 krónur tonnið. Nýsköpunartogari, sem veiðir fyrir frystihús á Austfjörðum eða Norðurlandi mundi nota um 200 tonn af brennsluolíu á mánuði. Verðmunurinn á þessu magni er 26—28 þús. kr. Stundi skipið veiðar allt árið og taki olíu úti á landi, mundi verðmismunurinn nema yfir 300 þús. kr. Slíkur verðmismunur gerir það alveg ókleift að reka skipin sem heima eiga úti á landi frá heimahöfnum sínum. Þessi mikli verðmunur á olíunni knýr þau til þess að leita til Reykjavíkur og stunda veiðarnar fremur þaðan.

Ríkið á olíuflutningaskipið Þyril. Skipaútgerð ríkisins annast rekstur skipsins. Samkvæmt reikningum þess er gróði á rekstri skipsins nokkuð á aðra milljón króna árlega. S. l. ár græddi skipið samkvæmt reikningi kr. 1110283.34. Ríkið rekur fleiri skip, sem annast vöruflutninga út á land. Á þeim skipum öllum er stórtap. En á olíuflutningunum þykir sæmilegt að taka þennan mikla gróða á hverju ári. Fólkið úti á landi, sem nú greiðir tvöfalt og stundum þrefalt verð fyrir raforkuna, sem framleidd er í mótorstöðvum, borið saman við rafmagnsverðið í Reykjavík, getur ekki unað við það, að ríkið græði stórfé árlega á flutningi olíunnar út á land. Fólkið úti á landi, sem lagt hefur mikið á sig til þess að koma upp frystihúsum og eignast togara og fiskibáta, getur ekki unað við það, að rekstrarafkoma þessara fyrirtækja sé gerð nær ómöguleg með allt of háu olíuverði úti á landi. Með lækkun á farmgjöldum Þyrils á olíu mætti strax lækka olíuverðið allmikið. Sú lækkun á að koma strax. Sama verð á olíu um allt land hlýtur að koma áður en langt liður, en nú þegar er hægt að leiðrétta það ranglæti, sem felst í allt of háum farmgjöldum Þyrils til hafnanna úti á landi.